

Eigandi/umráðamaður: _____

Dags: _____

Kt: _____

Netfang: _____

Sími: _____

Umfangsmikið hundahald sem er tikynningarskylt:

- 10 eða fleiri hundar eldri en 12mán
- 3 eða fleiri got á ári
- Útleiga á 3 eða fleiri hundum á ári

Tilvísanir í viðauka eiga við reglugerð 80/2016 um velferð gæludýra.**Almenn meðferð og umhirða**

ATHUGASEMDIR

Alvarleg frávik merkt með A

5. grein	Í lagi	Frávik
<i>Umráðamenn hafa aflað sér þekkingar á eðli og eiginleikum hundanna til að geta uppfyllt þarfir þeirra.</i>		

6. grein	Í lagi	Frávik
<i>Dýrunum sýnd nærgætni</i>		
<i>Regluleg umhirða dýra (s.s. feldur, klær, tennur)</i>		
<i>Reglulega fylgst með heilsufari dýra</i>		
<i>Er leitað til dýralæknis ef dýr veikjast eða slasast</i>		

7. grein	Í lagi	Frávik
<i>Daglega fóðrað og ávallt aðgangur að fersku vatni</i>		
<i>Fóður- og drykkjarílát þrífín reglulega</i>		
<i>Aðgát höfð við fóðrun kvendýra með fangi</i>		
<i>Aðgát höfð við fóðrun mjólkandi kvendýra</i>		
<i>Aðgát höfð við fóðrun aldraðra dýra</i>		
<i>Aðgát höfð við fóðrun ungvíðis í örum vexti</i>		

Aðbúnaður og umönnun

18. gr.	Í lagi	Frávik
<i>Eru hundar umhverfisþjálfaðir og félagslegri þörf þeirra sinnt.</i>		
<i>Fær sérhver hundur að komast út daglega til að sinna eðlilegum þörfum sínum og fá þá hreyfingu sem er nauðsynlegt tegundinni.</i>		
<i>Dýr í eðlilegum holdastuðli skv viðauka III</i>		
<i>Aðbúnaður og aðstaða hunds hæfir stærð, tegund og aldri..</i>		
<i>Uppfylla búr eða stíur lágmarkskröfur skv viðauka II, ef notað.</i>		
<i>Svefn- og hvíldarpláss laust við raka, dagsúg og hávaða. Undirlag þurrt, hreint og mjúkt.</i>		
<i>Geta allir hundar í svefnrýminu legið í legurými samtímis í náttúrulegri stöðu, t.d. flatrí hliðarlegu.</i>		
<i>Hundar ekki einir og eftirlitslausir í lengur en 8 klst í senn nema í undantekningartilvikum.</i>		
<i>Hundar ekki tjóðraðir nema nauðsynlegt og þá í skamman tíma undir eftirliti.</i>		

Pörun og undaneldi

19. gr.	Í lagi	Frávik
<i>Einungis heilbrigðir hundar notaðir til ræktunar, án arfgengra sjúkdóma, alvarlegra skap- eða hegðunargalla eða annarra eiginleika sem geta haft áhrif á heilbrigði/lífsgæði/lífslíkur afkvæma.</i>		
<i>Tíkur ekki paraðar yngri en 18 mánn, að jafnaði við annað lóðari</i>		
<i>Tíkur sem hafa farið 2x í keisara má ekki nota aftur til undaneldis.</i>		
<i>Tík skal fá nægjanlega hvíld milli gota, að jafnaði 1-2 lóðatímabil.</i>		
<i>Pörun aldrei þvinguð fram þar sem tíkin sýnir merki um hræðslu eða óþægindi.</i>		

Hvolpafullar eða mjólkandi tíkur og ungiði

20. gr.	Í lagi	Frávik
<i>Hvolpafullar tíkur skulu hafa viðeigandi hvíldarpláss í rólegu umhverfi sem þær geta lagað sig að tímanlega fyrir got.</i>		
<i>Er fylgst náið með sérhverri hvolpafullri tík sem komin er að goti.</i>		
<i>Reglulegt eftirlit yfir daginn með nýgotinni tík fyrstu 2 vikurnar</i>		
<i>Fær nýgotin tík næði fyrstu 2 vikur</i>		
<i>Mjólkandi tík skal hafa aðgang að legurými sem er óaðgengilegt fyrir hvolpana.</i>		
<i>Umhverfisþjálfun hvolpa. Umráðamaður skal sinna hvolpi daglega til að venja hann við samskipti við manninn og fjölbreytt umhverfi.</i>		

Flutningur og aðbúnaður hunda í flutningstæki

13. & 21. gr.	Í lagi	Frávik
<i>Hundar aðeins geymdir í flutningsbúrum eða flutningstækjum fyrir hundasýningar, keppni, próf, vinnu til gagns eða þjálfun.</i>		
<i>Þegar flutningsbúur eru notuð í kyrrstæðu ökutæki skal viðra hund á þriggja tíma fresti yfir daginn.</i>		
<i>Flutningsbúur notuð annars er leyfilegt en bara tímabundið þegar sérstakar aðstæður krefjast þess, aldrei lengur en 3klst í senn.</i>		
<i>Á ferðalagi eða keppnis- og þjálfunarstöðum má geyma hund í búri eða laus í flutningstæki yfir nótt ef hitastig leyfir, aldrei lengur en 8 klst í senn.</i>		
<i>Hundar ekki hafðir án eftirlits í ökutæki ef hitastig undir -5° eða yfir +25°C</i>		
<i>Óheimilt að flytja hund á opnum palli á þjóðvegum og í þéttbýli nema stutta vegalengd og þá í búri með tryggum festingum eða bundinn með bringubeisli. Hunda sem halda má utanhúss er heimilt að flytja lengra ef þeir eru undir eftirliti og í búri sem veitir skjól og uppfylla almennar kröfur um flutningsbúur.</i>		
<i>Flutningsbúur verða hafa heilan botn, mjúkt undirlag og tryggja þarf góða loftræstingu og útsýni.</i>		
<i>Ekki má flytja dýr komin að goti eða veik og særð nema til/frá dýralæknis eða til að bjarga því.</i>		
<i>Dvöl í faratæki á ferð má ekki vara lengur en 6klst í senn án hvíldar, viðrunar og vatns</i>		
<i>Óheimilt er að flytja dýr í farangursrými nema hægt sé að fylgjast með þeim.</i>		

Útivist og útigerði

22. gr.	Í lagi	Frávik
<i>Hundur í útigerði skal hafa aðgang að svæði í útigerði sem veitir birtu, skugga og skjól fyrir vindi og úrkomu.</i>		
<i>Útigerði skulu uppfylla lágmarkskröfur sem koma fram í 1.2 tl. 1. liðar viðauka II.</i>		
<i>Undirlag í gerði skal vera þannig að þar safnist ekki vatn eða for og dýr geti óhindrað gengið um.</i>		
<i>Ef ekki er beinn aðgangur að innirými skal vera legurými í útigerði, sem helst þurrt í úrkomu.</i>		
<i>Legurými í útigerði upphækkað og nógu stórt þannig að hundur geti legið í náttúrulegri stöðu, t.d. flatrí hliðarlegu, og ef fleiri en einn hundur er í útigerði skulu þeir allir geta nýtt legurými samtímis.</i>		
<i>Óheimilt er að nota ósýnilegt eða sýnilegt rafgerði í útigerðum, (má nota sýnilegt rafgerði ofan á útigerði sem öryggisbúnað).</i>		

Hundar sem eingöngu eru haldnir utanhúss

23. gr.	Í lagi	Frávik
<i>Hundar sem eingöngu eru haldnir utanhúss</i>		

<i>Einungis sleðahunda eða blendinga sem hafa fullþróaðan vetrarfeld og hafa fengið hæfilega aðlögun má halda utanhúss allan sólarhringinn.</i>		
<i>Holdarfar hunda sem haldnir eru utanhúss ætti ekki að vera minna en 5/9 og óheimilt að halda úti ef 3/9 eða lægra.</i>		
<i>Útigerði fyrir hund sem eingöngu er haldinn utanhúss skal að lágmarki uppfylla sömu stærðarkröfur og innibúr og stíur.</i>		
<i>Hund skal viðra utan útigerðis minnst einu sinni á sólarhring.</i>		
<i>Hundur sem eingöngu er haldinn utanhúss skal hafa aðgang að hundahúsi sem uppfyllir lágmarks stærðarkröfum.</i>		
<i>Gólfflötur hundahúss skal vera upphækkaður frá jörðu og legurými hundsins haldið þurru og mjúku. Þarf að veita skjól fyrir vindi, sól og úrkomu.</i>		
<i>Tíkur með hvolpa og hvolpa undir 6 mánaða aldri skal ekki halda einungis utanhúss yfir vetrarmánuðina, þ.e. frá 31. október til 30. apríl.</i>		
<i>Hunda sem eru eingöngu eða aðallega notaðir sem sleðahundar má tjóðra til skamms tíma ef haldnir á öðru svæði en þeir eru haldnir að staðaldri.</i>		
<i>Tjóðrun má þó aldrei vara lengur en 3 mánuði ársins samanlagt.</i>		
<i>Tjóðrun skal framkvæmd með varanlegu efni, svo sem keðjum sem ekki skaða hundinn og hæfa stærð og þyngd hans. Lengd keðjunnar skal vera minnst 1,8 m og ávallt yfir yfirborði og með snúningslið við festingu og hálsól sem leyfir 360°snúning.</i>		
<i>Bannað er að nota hálsól úr járn eða sem getur hert að hálsi hundsins.</i>		
<i>Hund sem er tjóðraður skal leysa frá keðjunum daglega og í að minnsta kosti 10 klst á viku.</i>		

Merking og skráning

11. gr.	Í lagi	Frávik
<i>Umráðamanni er skylt að auðkenna öll dýr innan 12 vikna aldurs með einstaklingsörmerki skv. alþjóðlegum ISO-staðli og skráð í miðlægan gagnagrunn.</i>		
<i>Hundar sem fara út skulu frá fjögurra mánaða aldri bera hálsól með merki þar sem koma fram eigendaupplýsingar svo sem nafn og símanúmer umráðamanns.</i>		

TILKYNNINGARKSKYLD STARFSEMI

Er búið að tilkynna **JÁ / NEI**

Aðbúnaður

ATHUGASEMDIR

36. gr. Aðbúnaður	Í lagi	Frávik
<i>Búr, gerði og stíur þannig útbúin að dýr geti ekki sloppið út.</i>		
<i>Ef dýr höfð saman er tryggt að þau valdi ekki hvort öðru skaða.</i>		
<i>Ekki fleiri en 10 hundar í rými eða hóp.</i>		
<i>Vistarverum haldið þurrum og hreinum.</i>		
<i>Loftræsting góð og enginn dragsúgur</i>		
<i>Er andrúmsloft (NH₃<10ppm, CO₂<3000ppm), lofthiti, rakastig (40-70%) og hávaði (<65dB) í lagi</i>		
<i>Geta dýrin notið dagsbirtu eða lýsingar</i>		
<i>Sérstök aðstaða fyrir dýr sem veikjast eða eru lasburða</i>		
<i>Sérstök aðstaða fyrir lóðatíkur</i>		
<i>Aðstaða til einfaldrar skoðunar, umhirðu og böðunar eftir þörf</i>		
<i>Fyrir hunda er útigerði við hvert búr eða stíu, eða útivist tryggð að svæði sem er þurrt, þrifalegt með hreinu legurými</i>		
<i>Fóður geymt þannig að gæði þess og heilnæmi haldist.</i>		

Almenn umhirða

5. Grein Þekking, hæfni og ábyrgð	Í lagi	Frávik
<i>Þekking á lögum og reglugerðum</i>		
<i>Þekking á atferli, eiginleikum og þörfum dýranna</i>		
<i>Þekking á aðbúnaðarkröfum, umhirðu og meðferð tegundar</i>		
<i>Þekking á hreinlæti, þrifum, sótthreinsun og soppmeðhöndlun</i>		
<i>Þekking á réttri fóðrun</i>		
<i>Þekking á viðbrögðum við veikindum eða slysum</i>		
<i>Þjálfun og þekking starfsfólks með menntun eða námskeið skjalfest</i>		
<i>Kaupanda veittar upplýsingar um eiginleika, heilsufar og aldur dýrs</i>		

Almenn umhirða framhald

ATHUGASEMDIR

37. gr.	Í lagi	Frávik
<i>Hundar skulu hafa aðgang að útigerði og/eða viðraðir utan útigerða minnst einu sinni á dag.</i>		
<i>Fá dýr viðhlítandi skoðun og meðferð, eða aflifun hjá dýralækni.</i>		

Nafn dýralæknis/dýralæknastofu sem notuð er:

Skráningar og afhending/sala

38. gr.	Í lagi	Frávik
<i>Er reglulegt eftirlit með dýrum, og því hagað eftir aldri dýra og ástandi.</i>		
<i>Er haldin skrá um sérhvert dýr í aðstöðunni</i>		
<i>Dauðsföll eða aflifun skráð ásamt orsök ef þekkt er.</i>		
<i>Skráningar aðgengilegar og varðveittar í minnst þrjú ár.</i>		
<i>Upplýsingar fylgja öllum dýrum sem eru seld eða miðlað áfram til nýrra umráðamanna</i>		
<i>Ef þekkt er að upp hafi komið sjúkdómar eða smit í nánasta umhverfi dýrs er gætu varðað heilbrigði þess, er skylt að upplýsa um slíkt til umráðamanns og hvernig ber að bregðast við.</i>		
<i>Upplýsingar skriflegar, eða á rafrænu formi á netsíðu ef viðtakandi staðfestir að hann getur nýtt sér rafrænt form.</i>		
39. gr.		
<i>Skrifleg verklýsing yfir þrif og sótthreinsun þar sem fram kemur m.a. tíðni og hvaða aðferðir og efni eru notuð.</i>		
<i>Þrif og sótthreinsun skráð.</i>		

Smitvarnir

39. gr.	Í lagi	Frávik
<i>Hönnun og efnisval húsnæðis hentugt.</i>		
<i>Vistarverur dýra þrífnað daglega og sótthreinsaðar reglulega.</i>		
<i>Viðbragðsáætlun til staðar ef upp kemur grunur um smitsjúkdóm.</i>		

Slysavarnir

40. grein	Í lagi	Frávik
<i>Gólf skulu ekki vera hál.</i>		
<i>Eru eldvarnir - reykskynjarar og slökkvitæki.</i>		
<i>Er sjálfvirkur viðvörðunarbúnaður til staðar</i>		
<i>Geta dýr í gæslu valdið hvort öðru skaða</i>		

Aðrar upplýsingar:

Upplýsingar um skráningar og vistarverur fyrir eigendur og umráðamenn

Skráningar um dýr þurfa að hafa upplýsingar um tegund, kyn, aldur, lit og varanlegt auðkenni, upplýsingar um heilsufar, allar lyfjameðferðir sem og fyrirbyggjandi aðgerðir, fóðrun og daglega útiveru og viðrun, umhverfisþjálfun, þörun, afkvæmi og fjölda þeirra og annað er viðkemur velferð dýrsins.

Dýr sem eru seld eða miðlað áfram verða að hafa upplýsinga um eiginleika viðkomandi tegundar, þarfir hennar og umhirðu, aldur dýrs, heilsufar, lyfjameðferðir og upplýsingar um fyrirbyggjandi aðgerðir. Hunda þarf einnig að vera búíð að örmerkja fyrir 12 vikna aldur og skulu þær upplýsingar fylgja og uppfært á nýjan eiganda í dýraauðkenni.

1. Lágmarksstærðir í vistarverum hunda.

1.1 Innibúr og stíur.*

Lágmarksflötur búra og stía fyrir hunda í fermetrum:

Hæð á herðakamb hundsins						
Fjöldi hunda	< 25 sm	25-35 sm	36-45 sm	46-55 sm	56-65 sm	> 65 sm
Einn hundur	2	2	2,5	3,5	4,5	5,5
Tveir hundar	2	2,5	3,5	4,5	6	7,5
Fyrir hvern auka hund skal auka rýmið um	1	1	2	2	3	3
Tíkur með hvolpa	2	3	4	6	8	9

* Á við um bæði hunda sem haldnir eru innan- og utandyra.

Ef tveir hundar af mismunandi stærð eru saman í búri eða stíu þá skal búrstærðin vera eins og um sé að ræða tvo hunda af stærri tegundinni.

Þak búrs skal vera nægilega hátt til að hundarnir geti staðið á afturfótunum án þess að reka sig upp undir, þó aldrei lægra en 1,3 m. Ekki er leyfilegt að stafla búrum.

Hundar skulu geta horft út úr búri eða stíu á umhverfi sitt frá minnst einni hlið.

1.2 Útigerði.

Lágmarksstærð fyrir útigerði í fermetrum:

Hæð á herðakamb hundsins						
Fjöldi hunda	< 25 sm	25-35 sm	36-45 sm	46-55 sm	56-65 sm	> 65 sm
Einn hundur	6	10	15	16	18	20
Fyrir hvern auka hund skal auka rýmið um	2	3	4	4	6	8

Ef tveir hundar af mismunandi stærð eru saman í útigerði, þá skal stærð gerðisins vera eins og um sé að ræða tvo hunda af stærri tegundinni.

Hundar skulu geta horft út úr búri eða stíu á umhverfi sitt frá minnst einni hlið.

1.3 Hundahús. Lágmarksstærð innra rýmis fyrir einn hund:

Lengd	Breidd	Hæð

Lengd hundsins (í metrum) mælt frá nefbroddi að skottrót, margfaldað með 1,1	Hæð hunds (í metrum) mæld við herðakamb, margfaldað með 1,1	Hæð hunds (í metrum) mæld við herðakamb, margfaldað með 1,2
------------------------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------	-------------------------------------------------------------------